

Sp.

464. Tillaga til þingsályktunar

um virkjun Sogsins o. fl. og orkuveitur um Suðurland og til Vestmannaeyja.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson, Helgi Jónasson, Gísli Sveinsson, Sveinbjörn Högnason, Ingólfur Jónsson, Jóhann Jósefsson.

Alþingi álykar að fola ríkisstjórninni að láta hraða áætlunum um virkjun Sogsins og annarra fallvatna, sem hér kunna að koma til greina, er miðist við það, að fullnægt verði raforkuþörf Suðurlands og Vestmannaeyja.

Rannsóknnum þessum verði flýtt svo, að unnt verði að leggja fullnaðaráætlanir fyrir næsta Alþingi þegar í byrjun þess.

Enn fremur að afla tilboða fyrir sama tíma í háspennulinur frá Sogsorkuveri um Suðurlandssýslurnar, eftir því sem þarf, svo og efnis í spennistöðvar í þeim héruðum.

Greinargerð.

Það leikur ekki á tveim tungum, að fólk í hinum ýmsu héruðum landsins þráir að fá raforkuna í þjónustu síma. Ber margt til þess. Fólk hefur nú um skeið fækkað við heimilisstörf bæði til sjávar og sveita og þó enn meira í sveitunum. Þörfin fyrir að létta störf á heimilunum og greiða fyrir þeim er því mikil.

Þar sem raforkan er komin, aukast jafnan not hennar í þágu atvinnulífsins og heimilanna. Ný og margvísleg tæki eru tekin í notkun og til æ margháttadri starfa.

Þar sem þörfin á raforkunni er svo brýn til ýmissa nota, má ekkert láta ógert, sem fært þykir til þess að greiða fyrir því, að sem flest heimili geti orðið hennar aðnjótandi.

Nú er í ráði að auka raforkuvinnslu í ýmsum héruðum landsins. Gera má ráð fyrir, að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til þess að auka raforkuvirkjun Sogsins. Má vænta þess, að þá verði og bráðlega hægt að fá raforku frá Soginu um Suðurlandsundirlendið.

Einnig hefur komið til orða að athuga virkjunarmöguleika við önnur fallvötn en Sogið á Suðurlandi. Samkvæmt þessari tillögu er frjálst að haga þeim athugunum eftir ástæðum og áskorun héraðsbúa, eftir því sem ráðamenn og kunnáttumenn í þessum málum telja heppilegast.

Flutningsmenn þessarar tillögu vænta þess, að af stjórnarvaldanna hálfu verði gert allt, sem hægt er, til þess að flýta fyrir undirbúningi þessara mála og greiða fyrir framkvæmd þeirra, eftir því sem fjárhagsgeta og ástæður frekast leyfa.